

## Fundargerð

### 245. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Þriðjudaginn 19. desember 2017 kl. 12<sup>15</sup> – 13<sup>40</sup>.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður Bryndís Skúladóttir (BS) Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Guðfinnur Johnsen (GJ) Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) Lúðvík Gústafsson (LG)	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
-----------	--	--

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Frumvarp um markaðar tekjur
- (3) Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
- (4) Fundaráætlun 2018
- (5) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([243 og 244 fundar](#)).

*Samþykkt*

#### 2. Frumvarp um markaðar tekjur

Lagt var fram á fundinum frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur. ÓK fór yfir helstu atriði. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á rúmlega 40 lagabálkum í því skyni að afnema ákvæði um mörkun tekna sem ekki teljast til rekstrartekna. Frumvarpið fylgir eftir stefnumörkun ríkisfjármála sem sett var með samþykkt laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. Frumvarpið er unnið af fjármála- og efnahagsráðuneytinu. ÓK fór yfir að í 36. og 37. gr. frumvarpsins að finna breytingar á lögum um úrvinnslugjald. ÓK fór yfir að frumvarpið var sent til stjórnarmanna Úrvinnslusjóðs í síðustu viku með ósk frá formanni stjórnar Úrvinnslusjóðs um viðbrögð stjórnarmanna og samtaka atvinnulífisins.

Lagt var fram á fundinum skeyti sem sent var s.l. vor til UAR með ósk um fund með umhverfisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu um lög um opinber fjármál og Úrvinnslusjóð.

Stjórnarmenn ræddu stöðu mála og viðbrögð við lagaákvæðum frumvarpsins. Lagt var fram á fundinum bréf frá fulltrúum atvinnulífsins í stjórn Úrvinnslusjóðs, til ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins, vegna frumvarpsins. Upplýst var á fundinum að ekki væri búið að ræða þessi frumvarpsdrög á formlegum fundi hjá Samtökum íslenskra sveitarfélaga. Stjórnarmenn voru á þeirri skoðun að framleiðendaábyrgð væri í uppnámi ef að frumvarpið yrði lögum. Rætt var um að stjórn Úrvinnslusjóðs sendi fyrirsvarsmónum ríkisstjórnar og Alþingis greinargerð ásamt forsögu og tilgang með rekstri Úrvinnslusjóðs.

*Stjórn Úrvinnslusjóðs mótmælir frumvarpinu harðlega.*

*EGL*  
*GLP*  
*EJ*  
*LP*

Stjórn felur GGP og ÓK að semja bréf til fjármálaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra til að vekja athygli á afstöðu stjórnar Úrvinnslusjós til frumvarpsins.

### 3. Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar

Lögð var fram á fundinum umsóknir frá fyrirtækjum sem óskuðu nafnleyndar um að verða ráðstöfunaraðili vegna meðhöndlunar á:

Spilliefni, rafgeymar eingöngu:

X

Umboðsaðili: Efnarás.

Úrvinnsla raf- og rafeindatækja:

X

Umboðsaðili Efnarás.

Ráðstöfunaraðili vegna endurnýtingar umbúða úr plasti:

X

Umboðsaðili JRB ehf.

*Samþykkt.*

### 4. Fundaáætlun stjórnar árið 2018

Lögð var fram á fundinum áætlun um fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2018 fram að sumarfríum.

Fyrsti fundur á nýju ári er ráðgerður þriðjudaginn 9. janúar kl. 12:15

*Samþykkt.*

### 5. Önnur mál.

Engin

Næsti fundur ákveðinn 9. janúar 2017.

Fundi slitið kl. 13.40

Gedur. S. Þórhilmar  
Jóhann  
Guðrún  
Gudrún  
Björk. Guðmundsdóttir  
Gudrún  
Björk. Guðmundsdóttir  
Gudrún  
Björk. Guðmundsdóttir  
Gudrún  
Björk. Guðmundsdóttir